

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnuegg Vallá, Kjalarnesi



Dags eftirlits	15.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Stjórnuegg	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Vallá	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630191-1579	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	H. Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar. 2) Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. 3) Grænt bókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum.

Eldri frávik; Eitt frávik er ennþá opið frá síðasta eftirliti árið 2024 samkvæmt gr. 3.6 í starfsleyfi skulu eldishús vera útbúin lofthreinsikerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT) til að lágmarka losun ryks. Ekkert lofthreinsikerfi hefur verið sett upp.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjórnuegg á Vallá.

Rekstraraðila er heimilt að reka eggjabú með stæði fyrir allt að 75.000 varp- og unghænur. Heimilt er að auka umfang starfseminnar í stæði fyrir allt að 95.000 varp- og unghænur eftir tveggja ára reynslutíma og að undangengnu formlegu samþykki Umhverfis- og orkustofnunar.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
- Áhættumat
- Lyktarstjórnun, mælingar
- Dreifing áburðar
- Áætlanir
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Fylgiskjöl

1. Sjö frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og tvær ábendingar voru settar fram. Sex frávikum hefur verið lokað og brugðist var við ábendingum. Eitt frávik er ennþá opið frá síðasta eftirliti samkvæmt grein 3.6 í starfsleyfi skulu eldishús vera útbúin lofthreinsikerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun ryks. Ekkert lofthreinsikerfi hefur verið sett upp. Rekstraraðili mótmælti þessari nýju kröfu í starfsleyfinu sem tók gildi 7. nóvember 2024 og kærði starfsleyfið. Úrskurður barst 10. október 2025 frá Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála. Frávikið verður opið þar til Umhverfis- og orkustofnun tekur upp starfsleyfið með tilliti til nýrra upplýsinga frá rekstraraðila.

2. Fjöldi fugla í búinu er stöðugur og undir 75.000. Grænu bókhaldi var skilað inn 28. apríl 2025, en með ófullnægjandi upplýsingum. Skráningu á notkun olíu vantaði í græna bókhaldið sem er frávik. Fullnægjandi skil bárust 15. desember 2025, frávikinu er lokað. Rekstraraðili ber að skila útstreymisbókhaldi inn fyrir 1. maí ár hvert, útstreymisbókhald var ekki skilað inn á tilteknum tíma og er það frávik. Því var skilað inn til eftirlitsaðila 15. desember sl. og er frávikinu lokað.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, ársyfirlit hefur ekki borist eftirlitsaðila og er það frávik. Ársyfirlit barst eftirlitsaðila 15. desember 2025, frávikinu er lokað. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og er að vinna við uppsetningu á umhverfisstjórnunarkerfi. Stefnt er á að umhverfisstjórnunarkerfið verði tekið í gagnid fyrir haustið 2026.

3. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun

frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Stjórnuegg sendi inn þann 28. apríl 2025 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2024 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,72 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Heildarlosun fosfórs fyrir árið 2024 sem úrgangsefni var 0,14 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2024 var heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,09 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Rekstraraðili er með lyktarstjórnaráætlun.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar eru til staðar.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í skoðunarferð á Vallá og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.3 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var skilað inn til eftirlitsaðila 15. desember 2025, frávikinu er lokað.
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi var skilað inn fyrir 1. maí sl, með ófullnægjandi upplýsingum. Það vantaði að skrá olíumagn fyrir árið 2024. Fullnægjandi grænt bókhald barst 15. desember 2025, frávikinu er lokað
samkv. reglugerð nr. 990, viðauki 7a	Rekstraraðili skal taka saman og skila inn útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi var skilað inn 15. desember 2025 og er frávikinu lokað.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu. 1) Rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlanir. 2) Rekstraraðila var bent á að rykmæla í kringum eldishúsin til að geta metið ryklosun.

Reykjavík, 19.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

